



ERINDISBRÉF

Samstarfshópur um umferðarljósastýringar

Ábyrgð:

Samgöngustjóri Rvk. & svæðisstjóri höfuðborgarsvæðis Vg. f.h. SSH og Vegagerðarinnar.

Inngangur:

Niðurstöður úttektar SWECO á umferðarljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu liggja nú fyrir. Í úttektinni felst greining á núverandi umferðarljósakerfi og rekstri þess, mat á kostum og göllum mismunandi umferðarljósakerfa og verkferla og tillaga um hvernig þróa á umferðarljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu.

Hlutverk:

Samstarfshópur sveitarfélaganna og Vegagerðarinnar um umferðarljósastýringar á að vinna frekari tillögur og aðgerðaáætlun á grundvelli niðurstaðna SWECO.

Helstu verkefni:

Samstarfshópurinn skili ítarlegri tillögum að úrbótum ásamt aðgerða- og innleiðingaráætlun til stjórnar Betri samgangna ohf. í janúar 2021. Samstarfshópurinn haldi í framhaldinu utan um frekari stefnumörkun, innleiðingu breytinga, eftirfylgni, rekstur, viðhald og árlegar fjárfestingar í umferðarljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu og gefi a.m.k. tvisvar á ári út yfirlit um þróun umferðarljósastýringa. Yfirlit sem lagt verður fyrir ábyrgðaraðila hópsins, stjórn Betri samgangna ohf. og fleiri eftir þörfum.

Samstarfshópurinn skipa:

- Baldur Grétarsson, deildarstjóri, Vegagerðinni
- Bergþóra Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri þjónustusviðs Vegagerðarinnar
- Grétar Þór Ævarsson, sérfræðingur í umferðarljósastýringum Rvk.
- Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, deildarstjóri samgangna Rvk.
- Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður á umhverfis- og skipulagssviði Hfj.
- Katrín Halldórsdóttir, verkfræðingur á höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar
- Nils Schwarzkopp, sérfræðingur í umferðarljósastýringum Rvk.

Samstarfshópurinn velji formann og ritara sem halda utan um starfsemi hópsins og eru í forsvari.

Starfstímabil:

Samstarfshópurinn hefji störf í nóvember 2020. Um er að ræða varanlegan samstarfshóp sem skipaður er ótímabundið, sveitarfélögin og Vegagerðin skipi nýja fulltrúa í hópinn ef þörf krefur síðar.

Samþykkt á fundi stjórnar verkefnastofu Borgarlínu 6. nóvember 2020

Greinargerð

Niðurstöður úttektar SWECO á umferðarljósastýringum á höfuðborgarsvæðinu liggja nú fyrir. Í úttektinni felst greining á núverandi umferðarljósakerfi og rekstri þess, mat á kostum og göllum mismunandi umferðarljósakerfa og verkferla og tillaga um hvernig þróa á umferðarljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu. Í matinu er m.a. horft til fjögurra samanburðarborga sem eru Gautaborg í Svíþjóð, Almelo í Hollandi, Edinborg í Skotlandi og Ghent í Belgíu.

Matskerfið sem SWECO notar í úttektinni er byggt á formlegu matskerfi FHWA (bandarísku vegagerðarinnar) á uppbyggingu og rekstri umferðarljósastýrikerfa. Meginmatsþættir eru:

- *Verkferlar* – stefna, markmið og ákvarðanataka.
- *Kerfi og tækni* – staða búnaðar og stýrikerfa og möguleikar til þróunar.
- *Árangur og mælingar* – gæðakerfi, mælikvarðar og reglubundnar mælingar.
- *Vinnuskipulag og mannaflí* – staða þekkingar og mönnun daglegra verkefna.
- *Menning* – staða almennrar þekkingar, samráð og upplýsingagjöf.
- *Samstarf* – við hagsmunaaðila og í rannsóknar- og þróunarverkefnum.

Í skýrslu SWECO um niðurstöðurnar eru settar fram tillögur að úrbótum og þeim forgangsraðað. Helstu úrbótatillögur eru teknar saman á myndum að neðan:

Business Processes

- Develop strategic plan with clear goals for system performance
- Integrate traffic signal operations into regional long-term plan

Systems and Technology

- Proceed with chosen technical development path
- Use existing system functionality to meet strategic goals
- Look towards ITS technology for the longer term +5 years, where appropriate

Performance and Measurement

- Define relevant KPI's
- Define structured process for measuring performance
- Develop life-cycle status plan to manage upgrades



Organisation and Workforce

- Staffing levels to match strategic plan and provide appropriate levels of redundancy
- Optimise staffing levels in the future and out-source where appropriate

Collaboration

- Follow-up and evaluate performance in cooperation with key stakeholders
- Increase external cooperation by participating in European R&D projects